Tillaga frá stjórn L.H.,um breytingar á lögum,vísað til laganefndar.

Þingskjal 4.
Tillaga frá Geysi, framsögumaður Steinþór Runólfsson, um auglýsingar á hestaferðum,vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 14.
Tillaga frá Geysi, framsögumaður Steinþór Runólfsson, um breytingar á lögum, vísað til laganefndar.

Þingskjal 5.
Tillaga frá Herði um breytingar á lögum, vísað til laganefndar.

Þingskjal 6.
Tillaga frá Fáki um breytingar á lögum, vísað til laganefndar.

Þingskjal 7.
Tillaga frá Sleipni um gæðinga- og unglingakeppni, vísað til gæðinga- og unglinganefndar. Framsögumaður Birgir Guðmundsson.

Þingskjöl 8 og 9.
Tillögur frá Gusti um breytingar á gæðinga- og unglingakeppni, vísað til gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjöl 10 og 11.
Tillögur frá Félagi tamningamanna um breytingar á gæðingakeppni, vísað til gæðinga- og unglinganefndar og breytingar varðandi undanþágu á aldursmörkum hesta, sem taka þátt í

Evrópukeppni. Framsögumaður að þessari tillögu var Bjarni B. Sigurðsson.

Þingskjal 12.
Tillaga frá Fáki um tölvuvinnslu, vísað til mótanefndar.

Þingskjal 13.
Tillaga frá Gusti um kynningu á starfsemi hestamanna í fjölmiðlum, vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 15.
Tillaga frá Faxa um Fjórðungsmót, vísað til mótanefndar.

Þingskjal 16.
Tillaga frá Faxa um útvegun á dómurum á Íslandsmótum í hestaíþróttum, vísað til íþróttanefndar.

Þingskjal 18.
Tillaga frá Faxa um skráningu keppenda á Íslandsmótum, vísað til íþróttanefndar.

Þingskjal 19.
Tillaga frá Faxa um skildur knapa í kappreiðum, vísað til kappreiðanefndar.

Þingskjal 20.
Tillaga frá Faxa um endurskinsmerki, vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 21.
Tillaga frá Faxa um sýningarnefnd B.Í. vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 17.
Tillaga frá aganefnd L.H. um agamál, vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 22.
Tillaga frá Sörla um breytingar á gæðingakeppni, vísað til gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 23.
Tillaga frá Félagi tamningamanna um breytingar á kappreiðarreglum, vísað til kappreiðanefndar.



Þingskjal 24.
Tillaga frá gæðinga- og unglinganefnd L.H. Framsögumaður Ármann Gunnarsson, um breytingar á reglugerð um gæðingakeppni, vísað til gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 25.
Tillaga frá gæðinga- og unglinganefnd L.H. um breytingar á reglugerð um gæðingakeppni. Framsögumaður Ármann Gunnarsson, vísað til gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 26.
Tillaga frá Andvara um breytingar á lögum, vísað til laganefndar.

Þingskjal 27.
Tillaga frá Fræðslunefnd L.H. um skipun nefndar vegna reiðkennslu, vísað til fræðslunefndar.

Eftir kaffihlé flutti Egill Bjarnason ráðunautur fróðlegt erindi um íslenska hestastofninn, stærð hans og dreifingu.

Þorkell Bjarnason kvaddi sér hljóðs, vegna umræðu um beitarmál og hrossaeign og taldi þessar umræður ekki öfgafullar, og kvað marga eiga ákaflega margt hrossa, vildi hann fá umræðu um þessi mál og kvað það vera til alls fyrst. Síðan ræddi hann uppgefið verð kynbótahrossa er flutt eru erlendis og fullyrti að það væri oft verulega lægra en raunverulegt söluverð. Þar af leiðir að þau útflutningsgjöld, er greidd skyldu, skila sér ekki í stofnræktarsjóð kynbótahross. Því næst ræddi hann um að þessi fjöldi hrossa á tamningaaldri ylli því að verðið sé langt undir kostnaðarverði og taldi það allra hag að fækka hrossunum.

Skúli Kristjónsson kvaddi sér hljóðs og sagði að stjórn L.H. hefði legið undir ámæli fyrir þær sakir, að svara ekki þeim skrifum er gengið hafa að undanförnu, vegna ofbeitar hrossa, og gagnrýndi hann hrossaræktarráðunaut, vegna skrifa hans í Búnaðarrit.

Þorgeir Þórarinsson kom með fyrirspurn til Egils Bjarnasonar varðandi beitarrannsóknir.

Grímur Gíslason kvað sér hljóðs vegna Þorkels Bjarnasonar vegna umræðna í fjölmiðlum í sumar og kvað hann það miður, síðan þakkaði hann Agli Bjarnasyni hans erindi og vildi að það yrði birt opinberlega til fróðleiks fyrir það fólk, er kann ekki að meta hestaeigu landsmanna, taldi hann sig ekki sjá þá eyðingu á gróðri landsins vegna hrossabeitar, sem svo margir klifa á.

Egill Bjarnason svaraði fyrirspurn Þorgeirs Þórarinssonar, um beitarrannsóknir og kvað þær komnar skammt á veg og sagði mestu skipta hvenær gróður kemst af stað að vorinu, og þar af leiðandi hvað mikið beitarþol yrði.

Að lokum til til þingforseta svohljóðandi vísa vegna orða Þorkels Bjarnasonar:

> Framtal er vantalið víða
> og verðið er alltof lágt.
> Það er raun fyrir þá sem ríða
> þegar raungildið er svona smátt.

Bergur Haraldsson, formaður fjárhagsnefndar flutti álit fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 1.

Tillaga um árgjald fyrir árið 1983.

„Stjórn L.H. leggur til við 34. ársþing L.H. 1983 að gjald á hvern félaga til L.H. verði kr. 120.- á árinu 1984."

Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2.

Var samþykkt með áorðnum breytingum.



Fjárhagsáætlun fyrir árið 1984:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| Árgjöld félaga 7000 x 120 | kr. | 840.000.- |
| Útgáfa rita | " | 20.000.- |
| Hestar, útgáfa III | " | 200.000.- |
| Vaxtatekjur | " | 25.000.- |
| Aðrar tekjur | " | 20.000.- |
| Samtals | kr. | 1.105.000.- |

| | | |
|---|---|---|
| Gjöld: | | |
| Laun og launatengd gjöld | kr. | 360.000.- |
| Húsaleiga og skrifstofukostnaður | " | 210.000.- |
| Þinghald og fundir | " | 50.000.- |
| Akstur, ferðakostnaður og erindrekstur | " | 100.000.- |
| Námskeiðagjald & fræðslukostnaður | " | 125.000.- |
| Skógarhólar | " | 50.000.- |
| Landvernd og F.E.I.F. | " | 10.000.- |
| Afskriftir | " | 10.000.- |
| Vaxtakostnaður | " | 20.000.- |
| Annar kostnaður og ófyrirséð m.a. v/útgáfu | " | 90.000.- |
| Tæknivinna v/viðhalds kvikmynda | " | 55.000.- |
| Samtals | kr. | 1.105.000.- |

Tillagan samþykkt með breytingum fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 3.

Reikningur L.H. og hestsins okkar fyrir reikningsárið 1982 voru yfirfarnir og lagði nefndin til að þeir væru samþykktir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd.

Guðmundur Jónsson flutti framsögu og voru 5 mál til umfjöllunar.

Fyrsta mál: Þingskjal nr. 4, fellt með 31 atkvæði gegn 30.

Annað mál: Þingskjal nr. 13. Breytt samkvæmt áliti nefndar. „34. ársþing L.H. haldið í Borgarnesi dagana 28. og 29. október 1983, skorar á stjórn L.H. að fela framkvæmdastjórn L.H. að annast í mun ríkari mæli en gert hefur verið, kynningu á starfsemi hestamanna í fjölmiðlum."

Tillagan samþykkt.

Þriðja mál: Þingskjal nr. 20. Var samþykkt að það hljóðaði svo: „34. ársþing L.H. haldið í Borgarnesi, felur framkvæmdastjórn L.H. að skora á hestavöruverslanir að hafa á boðstólum endurskinsmerki á hross og knapa."

Tillaga samþykkt.

Fjórða mál: „34. ársþing L.H. haldið í Borgarnesi dagana 28.-29. október 1983, mælist til þess að fulltrúar L.H. í sýningarnefnd Búnaðarfélags Íslands, kynni ákvarðanir nefndarinnar í blöðum hestamanna."

Tillagan samþykkt samhljóða.

Andreas Bergmann og Stefán Pálsson ræddu báðir þessa tillögu og urðu fjörugar umræður.

Gæða- og unglinganefnd.

Ármann Gunnarsson flutti framsögu.

Fyrsta mál: Þingskjal nr. 8, samþykkt samhljóða óbreytt.

Annað mál: Þingskjal nr. 9 samþykkt óbreytt.
Tillagan samþykkt með 77 atkvæðum gegn 8.

Þriðja mál: Þingskjal nr. 22, 5 gr. hljóð svo:
„Eigi má í gæðingakeppni nota keyri, spora né neinskonar ganólar."



Tillagan samþykkt.

Fjórða mál: Þingskjal nr. 25 samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt.

Fimmta mál: Þingskjal nr. 24 samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt með 97 atkvæðum gegn 2.

Andreas Bergmann mælti gegn tillögunni.

Grímur Gíslason, Haraldur Sveinsson og Ármann Gunnarsson mæltu með tillögunni.

Þá tók til máls Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ og svaraði Ragnari Tómassyni, sem einnig hafði tekið til máls og óskað eftir skýringu frá L.H.

Ferðanefnd.

Sveinbjörn Dagfinnsson flutti framsögu.

Engin tillaga lá fyrir nefndinni, en eftirtaldar tillögur bárust frá nefndinni:

1. 34. ársþing L.H. þakkar ferðanefnd L.H. fyrir störf hennar að gerð leiðarlýsinga og mest formanni nefndarinnar. Þingið hvetur alla hestamenn sem til er leitað um leiðarlýsingar að bregðast fljótt við slíkum erindum.

2. 34. ársþing L.H. hvetur stjórn L.H. til að sýna árvekni í að halda fornum reiðleiðum opnum.

3. 34. ársþing L.H. ítrekar samþykktir fyrri landsþinga um að stjórn L.H. vinni að því að bæta aðstöðu ferðamanna og hesta þeirra á reiðleiðum og í áningastöðum bæði í byggð og óbyggðum.
Jafnframt hvetur þingið hestamannafélög landsins til að koma á framfæri við stjórn L.H. tillögum um ráðstöfun þess fjár sem aflast til framkvæmda við að bæta

áningarstaði og reiðleiðir hestamanna.

4. 34. ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. að hún vinni markvisst að því að auka öryggi ríðandi manna í umferðinni, meðal annars með notkun öryggismerkja. Stjórn L.H. hvetji stjórnir allra aðildarfélaga L.H. til samstarfs í þeim efnum og kynni þeim meðal annars tiltæk öryggismerki.

5. 34. ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. að hún beiti sér fyrir því í samvinnu við Vegagerð ríkisins, að gengið verði frá reiðfærum leiðum utan hraðbrautar Suðurlandsvegar, áður en landsmót verður haldið að Hellu 1986.

6. 34. ársþing L.H. felur stjórn L.H. að auka veg Skógarhóla hið fyrsta, bæta þar aðstöðu og fegra staðinn, þannig að hann verði ánægjulegur áninga- og dvalarstaður ferðamanna á hestum.

Tillögur þessar voru allar samþykktar samhljóða.

Til máls tóku um tillögur þessar, Þorgeir Þórarinsson og Grímur Gíslason.

<u>Íþróttanefnd.</u>

Hallgrímur Jóhannesson flutti framsögu.

Fyrsta mál: Þingskjal nr. 18, svohljóðandi:
Nefndin leggur til eftirfarandi breytingu við þingskjal nr. 18. „Skráning keppenda á Íslandsmóti í hestaíþróttum komi frá íþróttadeildum eða íþróttanefndum í viðkomandi hestamannafélagi og standi þau skil á skráningagjöldum keppenda sinna."

Tillagan samþykkt samhljóða.

Til máls tók Jónas Vigfússon um tillöguna.



Annað mál: Þingskjal nr. 16 vísast til laga um íþróttaráð, íþróttaráðstefnu sem haldin verður á Akureyri í nóvember.

Samþykkt samhljóða.

<u>Móta- og kappreiðanefnd.</u>

Jón Leví Tryggvason flutti framsögu.

Fyrsta mál: Þingskjal nr. 12. Samþykkt samhljóða.

Annað mál: Þingskjal nr. 15. Vísað til stjórnar L.H. Samþykkt samhljóða.

Þriðja mál: Þingskjal nr. 17. Samþykkt að vísa þessu máli til stjórnar L.H. til frekari úrvinnslu.

Fjórða mál: Þingskjal nr. 19. Samþykkt samhljóða.

Fimmta mál: Þingskjal nr. 23. Samþykkt með einu mótatkvæði.

Til máls um þessar tillögur tóku:

Gísli B. Björnsson,
Jón Leví Tryggvason,
Egill Bjarnason,
Kári Arnórsson,
Sigurður Haraldsson,
Ragnar Tómasson,
Guðmundur Sigurðsson,
Skúli Kristjónsson,
Guðmundur Jónsson,
Gunnar Egilsson,
Jónas Vigfússon.

<u>Kynbótanefnd.</u>

Framsögumaður Kári Arnórsson.

Hann lýsti störfum nefndarinnar, en hún fékk engar tillögur til umfjöllunar, en samdi álit sem lagt var fyrir þingið.
Til máls um álitið tóku:
Magnús Hákonarson,
Egill Bjarnason,
Sveinbjörn Dagfinnsson,
Haraldur Sveinsson,
Skúli Kristjónsson,

Gerðu þeir nokkrar athugasemdir við álitið.

Egill Bjarnason lagði fram breytingartillögur við álitið, sem nefndin féllst á að taka inn í álitið og endanlega hljóðar það svo:

a. Ársþing L.H. haldið í Borgarnesi dagana 28.-29. október 1983 vekur athygli á því, að sú stefna sem verið hefur ráðandi að undanförnu að banna upprekstur hrossa geti haft skaðleg áhrif á uppeldi ungviðis. Sérkenni íslenska hestsins m.a. vöðvabygging, fjölhæfni í hreyfingum, fótvissa og lífsgleði byggist á því að hrossin alist upp í frjálsræði við mikla hreyfingu og á misjöfnu landi. Athuganir hafa sýnt að undra fljótt breytist vefjabygging lifi hrossin hóglífi við litla hreyfingu. Það yrði ómetanlegt tjón ef íslenski hesturinn tapaði þeim eiginleikum sem að framan getur.

b. Varðandi fjölda hrossa gildir hið sama og með annað búfé að óraunhæft er að ala hross sem engan arð gefa. Í ásetningi verður að taka tillit til þessa. Þó er rétt að vekja athygli á því að peningalegur mælikvarði einn getur ekki verið þar algildur mælikvarði. Rangt er að miða við það eitt hver hundraðshluti hrossaafurðir eru af heildarframleiðslu landbúnaðarafurða.

c. Þingið lýsir áhyggjum sínum yfir því hve greiðslur frá ríkinu berast seint til hrossaræktarsambandanna og vekur jafnframt athygli á því að rýrnun á þessu fé dregur úr möguleikum til að standa sem best að framgangi ræktunarmála.

Samþykkt samhljóða.

<u>Álit fræðslunefndar:</u>

Framsögumaður Þorvaldur Ágústsson lagði fram álit nefndarinnar.
Til máls tók Magnús Hókonarson.

Eftirfarandi tillaga var borin upp:

„34. ársþing L.H. haldið í Borgarnesi dagana 28.-29. október 1983 samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa 3-5 manna nefnd sem vinni að því að samræma reiðkennslu í landinu. Semji nefndin drög að kennsluskrá fyrir mismunandi stig reið-



kennslu og komi með tillögu um hvernig Reiðskóli Íslands skuli uppbyggður. Formaður nefndarinnar sé tilnefndur úr stjórn L.H.

Samþykkt samhljóða.

<u>Laganefnd.</u>

Framsögumaður Þorleifur Pálsson.

Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 3, 5, 6, 14 og 26 ásamt breytingum sem samþykktar voru í meðförum nefndarinnar.

Stefán Pálsson tók til máls og kvaðst vera í einu og öllu sammála þeim breytingum sem gerðar voru í nefndinni.

Jón Leví tók til máls og kvaðst ekki vera ánægður með störf nefndarinnar, þar sem hún hefði ekki tekið fyrir tvö þingskjöl.

Þorleifur Pálsson sagði að allar tillögur hefðu komið til umfjöllunar og að tillögur frá Fáki og Herði hefðu verið soðnar saman við aðrar tillögur.

Jón Leví taldi að bera ætti upp allar tillögur til atkvæða.

Andreas Bergmann vakti athygli á tillögu frá Andvara á Þingskjali nr. 26 og bað um að hún yrði borin til atkvæða á undan lögunum.

Guðmundur Jónsson, Herði, kvað vanta umfjöllun á tillögum frá Fáki og Herði í laganefnd þingsins.

Ragnar Tómasson vakti athygli á orðalagsbreytingum í 5. lið nefndarálits.

Birgir Guðmundsson sætti sig ekki við málsmeðferð laganefndar á þessu og taldi að þingið ætti að fjalla um það.

Kári Arnórsson taldi að málsmeðferð væri rétt.

Hreinn Árnason taldi að um mistök væri að ræða og vitnaði til sambærilegs máls sem komið hefði upp á ársþingi L.H. sem haldið hefði verið á Akureyri.

Jónas Vigfússon kom með breytingartillögu við 10. grein sem hljóðaði þannig: „Kjörgögn, álit starfsnefnda og tillögur til ársþings skulu berast stjórn L.H. sex vikum fyrir þing og sendist félögum til kynningar þrem vikum fyrir þing."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Haraldur Sveinsson vildi að farið yrði að kjósa um lagabreytingarnar og taldi að menn ættu að koma með breytingartillögur ef þeir vildu að þau skjöl sem ágreiningur var um ættu að ræðast frekar.

Ragnar Tómasson bar fram dagskrártillögu sem hljóðar þannig: „Þingið samþykkir að ganga þegar til atkvæðagreiðslu um framkomnar tillögur um lagabreytingar."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga frá Andreasi Bergmann felld.

Þinghlé vegna þess að bílum 5 þingfulltrúa hafði verið lagt vitlaust og var lögreglan komin í spilið.

Allt komið í lag og þingi fram haldið.

Viðaukatillaga frá Jóni Leví á 7. gr. felld.



# L Ö G

fyrir

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

með breytingum frá laganefnd.

1. gr.

Samtökin heita Landssamband hestamannafélaga, skammstafað L.H. Heimili þess og varnaþing er í Reykjavík.

2. gr.

L.H. er samband hestamannafélaga í landinu. Það er málsvari þeirra, gætir sameiginlegra hagsmuna gagnvart öðrum aðilum og kemur fram fyrir þeirra hönd.

3. gr.

Markmið sambandsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum hestamanna, vexti og viðgangi hestamennskunnar í landinu, góðri meðferð hrossa og stuðla að sem bestri sambúð hesta og manna við náttúru landsins. Þessu markmiði vill sambandið ná meðal annars með því:

a. Að samræma starfsemi hestamannafélaganna þannig að þau vinni öll sameiginlega að framgangi þeirra mála, er lög þessi og reglugerðir L.H. ákveða, svo og samþykktir þær, sem löglega verða gerðar á aðalfundum, er nefnast ársþing.

b. Að stuðla að bættri aðstöðu til hestahalds og iðkunar hestamennsku og leita samstarfs þar um við opinbera aðila.

c. Að styðja að ræktun íslenska reiðhestsins.

d. Að beita sér fyrir fræðslu um hestamennsku, meðferð hesta og útgáfu fræðsluefnis þar um.

e. Að beita sér fyrir framgangi hestaíþrótta.

Nánari ákvæði varðandi markmið og starfssemi L.H. skulu sett í reglugerðir, sem hljóti löglega samþykkt ársþings.

4. gr.

Fullgildir aðilar geta orðið öll hestamannafélög, sem hafa eigi færri en 50 félaga og starfa samkvæmt lögum og reglum L.H.
Ársþingi L.H. er heimilt að veita undanþágu frá þessari lágmarkstölu ef landfræðilegar aðstæður teljast réttlæta slíkt. Stjórn L.H. veitir inntökubeiðnum móttöku og sker úr um hvort beiðnin skuli samþykkt. Úrskurði má skjóta til ársþings til endanlegrar ákvörðunar.
Félög sem þegar hafa fengið aðild að sambandinu halda réttindum sínum. Á sömu forsendum má veita hagsmuna- og áhugamannafélögum sem tengjast hestum og hestamennsku og samrýmast lögum L.H. um aukaaðild. Í aukaaðild felst málfrelsi og tillöguréttur, en ekki atkvæðisréttur. Umsókn um aukaaðild skal send stjórn L.H. sem gefur umsögn og leggur hana fyrir næsta ársþing til afgreiðslu. Öll félög innan L.H. svo og íþróttaráð L.H. skulu leggja sérlög sín og reglugerðir fyrir stjórn L.H. til umfjöllunar og staðfestingar.

5. gr.

Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum, er félögin kjósa til eins árs í senn. Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn, tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.
Hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er stjórn Íþróttaráðs L.H. og félögum með aukaaðild heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu á ársþingi L.H. með málfrelsi og tillögurétti.
Heiðursfélagar L.H. hafa einnig rétt til þingsetu með sömu réttindum. Heimilt er stjórn L.H. að bjóða gestum svo og fulltrúum frá ákveðnum félags- eða hagsmunahópum að sitja ársþing sem áheyrnarfulltrúar, telji hún þau málefni, sem þingið fjallar um gefi sérstakt tilefni til þess.



Stjórn sambandsins skipar þriggja manna kjörbréfanefnd. Kjörbréf fulltrúa skulu vera komin í hendur kjörbréfanefndar minnst þremur vikum fyrir ársþing, nema sérstakar ástæður komi til.

6. gr.

Verkefni ársþings eru:

a. Skýrsla stjórnar.
b. Reikningar og fjárhagsáætlun næsta árs.
c. Umfjöllun um viðfangsefni L.H.
d. Kosningar í trúnaðarstöður.
e. Önnur mál.

7. gr.

Stjórn L.H. skal skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagar í L.H.
Stjórnarkosning skal vera skrifleg og óbundin. Skal kjósa formann og varaformann sérstaklega en aðra stjórnarmenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil er til tveggja ára.
Formaður og þrír stjórnarmenn skulu ganga úr stjórn í einu og á næsta þingi aftur varaformaður og tveir stjórnarmenn. Í varastjórn skal árlega kjósa fimm og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Verði stjórnarmaður kosinn formaður eða varaformaður skal kjósa annan í hans stað.

8. gr.

Atkvæðisrétt á ársþingi hafa fullgildir kjörnir fulltrúar. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hafa málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.
Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum þessum.
Stjórnin fer með málefni sambandsins milli þinga, ræður starfsmenn og semur um kaup þeirra og kjör. Hún heldur fundi þegar formaður eða þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað.

Stjórnarfundur er lögmætur ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.
Bækur og skjöl sambandsins skulu jafnan geymd í öruggri geymslu.
Skylt er að ávaxta fé sambandsins með sem hagkvæmustu kjörum.

9. gr.

Ársþing skal halda árlega á tímabilinu september til nóvember á þeim stað sem stjórn L.H. ákveður hverju sinni. Stjórn sambandsins boðar til þings með 6 vikna fyrirvara með bréfi til formanns félagsins. Kjörgögn, álit starfsnefnda og tillögur til ársþings L.H. skulu berast stjórn L.H. sex vikum fyrir þing og sendast félögum til kynningar þrem vikum fyrir þing. Hafi breytingartillögur borist stjórn L.H. með lögl-egum fyrirvara fyrir þing skal þeim dreift fjölrituðum til þingfulltrúa eins og öðrum fundarskjölum.

10. gr.

L.H. gefur út tímarit. Stjórnin sér um útgáfuna eða ritnefnd, sem stjórnin kýs.

11. gr.

Tekjur L.H. skulu vera:

1. Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann skal ákveðið á ársþingi. Gjalddagar árgjalda skulu vera tveir. Fyrri helming árgjalds skal greiða 15. maí og síðari helming 15. ágúst. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga. Árgjöld skulu miðuð við félagatal um síðustu áramót þar á undan.
2. Styrkir til starfseminnar frá opinberum aðilum.
3. Aðrar tekjuöflunarleiðir sem stjórnin telur færar.

Reikningsár L.H. er almanaksárið, þó skal ársþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8-9 mánuði ársins sem er að líða. Gerð ársreiknings skal lokið og honum komið í hendur endurskoðenda eigi síðar en sex vikum fyrir ársþing.



12. gr.

Úrsögn úr L.H. skal bundin við ársþing og komin til stjórna fyrir 1. júlí. Úrsögn er því aðeins lögmæt að hún sé undir rituð af stjórn viðkomandi félags.
Félag, sem er í vanskilum með lögboðin gjöld til L.H. missi rétt sinn þar til skuldin er að fullu greidd. Öll félög í L.H. skulu senda stjórninni skýrslu um starfsemi sína. Stjórnin lætur í té skýrsluform til útfyllingar. Skýrslan skal send stjórn L.H. þrem vikum fyrir þing.

13. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/ atkvæða mættra þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæ
Sambandið hætti störfum, ef það er samþykkt á tveimur árs-þingum í röð með 3/4 atkvæða þingfulltrúa á hvoru þingi og ráðstafar það síðan eignum sambandsins.

Kosningar.

Kosinn varaformaður til tveggja ára. Kjörinn var Krist Guðmundsson með 115 atkvæðum, Andreas Bergmann hlaut 2 atkvæði, auðir seðlar 3.
Þá kvaddi sér hljóðs Guðmundur Jónsson og óskaði eftir a Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum yrði kosin í aðal-stjórn. Þá tók til máls Jónas Vigfússon, Eyjafirði og ( gaf kost á sér í aðalstjórn.
Því næst var gengið til kosninga. Kjörnir voru Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum með 102 atkvæðum og Egill Bjarnason, Sauðárkróki með 81 atkvæði, þar næst voru kosnir 5 í varastjórn.

Þá kvaddi sér hljóðs Birgir Guðmundsson og kvaðst ekki gefa kost á sér í varastjórn áfram. Því næst komu uppá-stungur um eftirtalda menn í varastjórn:

Guðmund Jónsson, Reykjum.
Gunnar Egilsson, Akureyri.
Gunnar B. Gunnarsson, Selfossi.

Kosningu hlutu:

| | |
|---|---|
| Árni Guðmundsson, | 94 atkvæði. |
| Gunnar B. Gunnarsson, | 92 atkvæði. |
| Guðmundur Jónsson, | 87 atkvæði. |
| Gunnar Egilsson, | 85 atkvæði. |
| Jónas Vigfússon, | 50 atkvæði. |

Næst að atkvæðum var Guðmundur Ólafsson með 48 atkvæði og Sigrún Sigurðardóttir 11 atkvæði. Síðan voru tilnefndir 2 endurskoðendur, Þorvaldur Þorvaldsson og Haraldur Sveinsson. Voru kjörnir með lófataki og til vara:
Hilmar Sigurðsson og Bergur Haraldsson.

Því næst kvaddi sér hljóðs Guðmundur Sigurðsson, formaður Faxa og bauð þingheim til lystauka að loknu þingi og þakkaði þingfulltrúum fyrir komuna.

Forseti, Árni Guðmundsson, þakkaði þingfulltrúum háttvísi og góða frammistöðu.

Stefán Pálsson, formaður L.H. þakkaði hlý orð í garð stjórnar. Þakkaði forsetum og öðrum starfsmönnum vel unnin störf og bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa. Hann þakkaði Faxafélögum fyrir móttökuna og góða aðstöðu fyrir þingið og tilkynnti síðan að Hestamannafélagið Sörli hafi boðið að halda næsta þing í Hafnarfirði á fertugsafmæli Sörla. Síðan sagði hann þingi slitið.

Að loknu þinghaldi hélt hestamannafélagið Faxi kvöldfagnað í tilefni þinghalds og afmælis félagsins en það varð 50 ára á árinu. Var sú skemmtun fjölmenn og fór vel fram. Þar veitti Agnar Tryggvason, framkvæmdastjóri búvörudeildar S.Í.S. viðtöku gullmerki L.H. sem formaður L.H. afhenti honum. Var viðurkenning þessi veitt fyrir sérstakan áhuga og störf Agnars til kynningar íslenska hestinum erlendis, sem staðið hefur mest allan starfstíma hans hjá búvörudeild. Agnar lætur af störfum nú um n.k. áramót.
Þingfulltrúar óku síðan hver til síns heima á sunnudag.

34. ársþingi er lokið.

S.R.



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — SÍMI 2 90 99

SAMÞYKKTIR OG ÁLYKTANIR 34. ÁRSÞINGS L.H.
HALDIÐ Í BORGARNESI 28.-29. OKTÓBER 1983:

FJÁRHAGSNEFND:

1. Tillaga fjárhagsnefndar um fjárhagsáætlun L.H. 1984;
   Tekjur kr. 1.105.000.- og Gjöld kr. 1.105.000.-, Samþykkt.

2. Tillaga um árgjöld 1984, kr. 120.- fyrir hvern félagsmann til L.H.
   Samþykkt árgjöld eru því áætluð kr. 840.000.-

ALLSHERJARNEFND:

1. "34. ársþing L.H. skorar á stjórn L.H. að fela framkvæmdastjóra L.H. að annast í mun ríkara mæli en gert hefur verið, kynningu á starfsemi hestamanna í fjölmiðlum." Samþykkt. (13)

2. "34. ársþing L.H. felur framkvæmdastjóra L.H. að skora á hestavöruverslanir að hafa á boðstólum endurskinsmerki á hross og knapa." Samþykkt. (20).

3. "34. ársþing L.H. mælist til þess að fulltrúar L.H. í sýningarnefnd B.Í. kynni ákvarðanir nefndarinnar í blöðum hestamanna." Samþykkt. (21).

4. "34. ársþing L.H. samþykkir að stjórn L.H. beiti sér fyrir því að veitt verði undanþága frá gildandi ákvæði varðandi hámarksaldur hrossa sem send eru til keppni á Evrópumótum." Samþykkt. (11).

GÆÐINGA- OG UNGLINGANEFND:

1. Samþykkir reglugerð 3.1.: Um unglingakeppni.
   Dómarar: Þrír dómarar í það minnsta skulu dæma á félagsmótum, en fimm á fjórðungs- og landsmótum.
   Keppni 13-15 ára:
   Verkefni:
   1. Fet.
   2. Tölt.
   3. Brokk.
   4. Stökk.
   5. Yfirferðargangur (tölt, brokk eða skeið).
   Keppandi skal ríða fjóra hringi og ræður röð sýningaratriða.

2. 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni:
   18. gr. orðist svo:
   "Reglum þessum má ekki breyta varðandi framkvæmdaratriði, nema að undangengnum tilraunum á keppnisvelli. Samþykkir ársþing L.H. breytingar á keppnisatriðum í gæðingakeppni, skal þeim vísað til gæðinga- og unglinganefndar, sem prófar þær og skilar umsögn um þær til næsta ársþings, sem þá tekur tillöguna til endanlegrar afgreiðslu."

3. 5. gr. verði þannig: Lög um gæðingakeppni:
   "Eigi má í gæðingakeppni nota keyri, spora, né neinskonar ganólar." (22).

4. "34. ársþing samþykkir; að 17. gr. IV. Kafla standi óbreytt og verði keppt samkvæmt henni á landsmótum og fjórðungsmótum svo sem verið hefur a.m.k. tvö síðustu ár. Jafnframt sé tekin út breyting við þessa grein sem samþykkt var á 33. ársþingi L.H. í Hlégarði í Mosfellssveit." (25).

5. "34. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni:
   1. 14. gr. II. kafla falli niður.
   2. Í 13. gr. II. kafla falli eftirfarandi setning niður: "auk einkunnar fyrir vilja og mýkt ef um prófraun er að ræða". (24).

FERÐANEFND:

1. 34. ársþing L.H. þakkar ferðanefnd L.H. fyrir störf hennar að gerð leiðalýsinga og mest formanni nefndarinnar. Þingið hvetur alla hestamenn sem til er leitað um leiðarlýsingar að bregðast fljótt við slíkum erindum.

2. 34. ársþing L.H. hvetur stjórn L.H. til að sýna árvekni í að halda fornum reiðleiðum opnum.

3. 34. ársþing L.H. ítrekar samþykktir fyrri landsþinga, um að stjórn L.H. vinni að því að bæta aðstöðu ferðamanna og hesta þeirra á reiðleiðum og í áningarstöðum bæði í byggð og óbyggðum. Jafnframt hvetur þingið hestamannafélög landsins til að koma á framfæri við stjórn L.H. tillögum um ráðstöfun þess fjár sem aflast til framkvæmda við að bæta áningarstaði og reiðleiðir hestamanna.

4. Ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. að hún vinni markvisst að því að auka öryggi ríðandi manna í umferð, m.a. með notkun öryggismerkja. Stjórn L.H. hvetji stjórnir allra aðildarfélaga L.H. til samstarfs í þeim efnum og kynni þeim ma. tiltæk öryggismerki.

5. 34. ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. að hún beiti sér fyrir því í samvinnu við Vegagerð ríkisins, að gengið verði frá reiðfærum leiðum utan hraðbrautar Suðurlandsvegar, áður en landsmót verður haldið að Hellu 1986.

6. 34. ársþing L.H. felur stjórn L.H. að auka veg Skógarhóla hið fyrsta, bæta þar aðstöðu og fegra staðinn, þannig að hann verði ánægjulegur áninga- og dvalarstaður ferðamanna á hestum.
   Samþykkt samhljóða.

FRÆÐSLUNEFND:

"34. ársþing samþykkir; að fela stjórn L.H. að skipa 3-5 manna nefnd sem vinni að því að samræma reiðkennslu í landinu. Semji nefndin drög að kennsluskrá fyrir mismunandi stig reiðkennslu og komi með tillögu um hvernig Reiðskóli Íslands skuli uppbyggður. Formaður nefndarinnar sé tilnefndur úr stjórn L.H."

ÍÞRÓTTANEFND:

"34. ársþing samþykkir; að skráning keppenda á Íslandsmótum í hestaíþróttum komi frá íþróttadeildum íþróttanefndum eða viðkomandi hestamannafélagi og standi þau skil á skráningargjöldum keppenda sinna."



KAPPREIÐA- OG MÓTANEFND:

1. "34. ársþing L.H. beini þeim tilmælum til stjórnar L.H. að hún hafi forgön um að tekin verði upp tölvuvinnsla dóma og notkun ljósataflna við birting þeirra. Stefnt verði að því að þetta mál verði komið á þann rekspöl að hægt verði að nota þetta fyrirkomulag á næsta fjórðungsmóti."

2. "34. ársþing L.H. vísar eftirfarandi tillögu til stjórnar L.H.; að endurskoða reglur um fjórðungsmót, þannig að aðeins eitt fjórðungsmót verði ár hvert."

3. "34. ársþing L.H. vísar til stjórnar L.H. eftirfarandi; um reglugerð vegna agabrota til frekari úrvinnslu." (17).

4. "34. ársþing L.H. beinir þeim til mælum til aðildarfélaga L.H. að framfylgt sé 12. gr. III. kafla um skyldur knapa í kappreiðum."

5. "34. ársþing samþykkir að bætt sé inn í kappreiðareglur í skeiði; að hámarksfjöldi hesta sé fjórir (4) í hverjum riðli."

KYNBÓTANEFND:

"Ársþing L.H. haldið í Borgarnesi dagana 28.-29. október 1983

a. Vekur athygli á því, að sú stefna sem verið hefur ráðandi að undanförnu að banna upprekstur hrossa geti haft skaðleg áhrif á uppeldi ungviða. Séreinkenni íslenska hestsins m.a. vöðvabygging, fjölhæfni í hreyfingum, fótvissa og lífsgleði byggist á því að hrossin alist upp í frjálsræði við mikla hreyfingu og á misjöfnu landi. Athuganir hafa sýnt að undra fljótt breytist vefjabygging, lifi hrossin hóglífi við litla hreyfingu. Það yrði ómetanlegt tjón ef íslenski hesturinn tapaði þeim eiginleikum sem að framan getur.

b. Varðandi fjölda hrossa gildir hið sama og með annað búfé að óraunhæft er að ala hross sem engan arð gefa. Í ásetningi verður að taka tillit til þessa. Þó er rétt að vekja athygli á því að peningalegur mælikvarði einn getur ekki verið þar algildur mælikvarði. Rangt er að miða við það eitt hver hundraðshluti hrossaafurðir eru af heildarframleiðslu landbúnaðarafurða.

c. Þingið lýsir áhyggjum sínum yfir því hve greiðslur frá ríkinu berast seint til hrossaræktarsambandanna og vekur jafnframt athygli á því að rýrnun á þessu fé dregur úr möguleikum til að standa sem best að framgangi ræktunarmála.
   Samþykkt samhljóða.

LAGANEFND:

Sjá sér blað.

KOSNINGAR:

1. Kosinn varaformaður til tveggja ára. Kjörinn var Kristján Guðmundsson með 115 atkvæðum. Andréas Bergmann hlaut 2 atkvæði, auðir seðlar 3. Þá kvaddi sér hljóðs Guðmundur Jónsson, Hornfirðingi, og óskaði eftir að Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum yrði kosin í aðalstjórn. Þá tók til máls Jónas Vigfússon, Eyjafirði og gaf kost á sér í aðalstjórn. Því næst var gengið til kosninga. Kjörnir voru Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum með 102 atkvæðum og Egill Bjarnason, Sauðárkróki með 81 atkvæði, þar næst eru kosnir 5 í varastjórn. Þá kvaddi sér hljóðs Birgir Guðmundsson og kvaðst ekki gefa kost á sér í varastjórn áfram því næst komu uppástungur um eftirtalda menn í varastjórn:

Guðmund Jónsson, Reykjum
Gunnar Egilson, Akureyri
Gunnar B. Gunnarsson, Selfossi
Árna Guðmundsson, Borgarfirði.

Kosningu hlutu:

Árni Guðmundsson ...... 94 atkvæði
Gunnar B. Gunnarsson .. 92 atkvæði
Guðmundur Jónsson ..... 87 atkvæði
Gunnar Egilson ........ 85 atkvæði
Jónas Vigfússon ....... 50 atkvæði.

Því næst voru tilnefndir 2 endurskoðendur:

Þorvaldur Þorvaldsson
Haraldur Sveinsson

voru til kjörnir með lófataki og til vara:

Hilmar Sigurðsson
Bergur Haraldsson.

Því næst kvaddi sér hljóðs Guðmundur Sigurðsson, formaður Faxa, og bauð þingheim til lystauka að loknu þingi og þakkaði þingfulltrúum fyrir komuna.

Forseti Árni Guðmundsson þakkaði þingfulltrúum háttvísi og góða framkomu.

Stefán Pálsson formaður L.H. þakkaði hlý orð í garð stjórnar, þakkaði forsetum og öðrum starfsmönnum vel unnin störf og bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa. Hann þakkaði Faxafélögum fyrir móttökur og góða aðstöðu fyrir þingið, tilkynnti síðan að Hestamannafélagið Sörli hafi boðið að halda næsta þing í Hafnarfirði á fertugsafmæli Sörla. Síðan sagði hann þingi slitið.